



**Þingskjal nr.**

# **Þingsköp Samiðnar**

## Efnisyfirlit

	Bls.
1. Þingskipun. Afgreiðsla kjörbréfa	5
2. Kosning forseta þingsins, skrifarar og verksvið þeirra	7
3. Nefndir	9
4. Umræður	11
5. Kosningar	17
6. Afgreiðsla og breyting þingskapa	20

## 1. Þingskipun. Afgreiðsla kjörbréfa.

- 1.1 Þegar þing Samiðnar kemur saman við þingsetningu, skal formaður sambandsins setja þing og stjórná þingfundi þangað til forseti þingsins er kosinn og standa fyrir kosningu hans.
- 1.2 Formaður sambandsins skipar einn skrifara, þar til skrifarar úr hópi þingfulltrúa hafa verið kjörnir.  
Skyldur skipaðra skrifara eru þær sömu og kjörinna.
- 1.3 Formaður sambandsins skipar svo marga menn sem hentugt þykir til talningar atkvæða vegna atkvæðagreiðslu um kjörbréf.
- 1.4 Þegar að þingsetningu lokinni og þingfundur er löglegur samkvæmt sambandslögum, skilar kjörbréfanefnd álit sínu.

Framsögumaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir tillögum hennar til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingfulltrúa, aðalmanna eða varamanna í þeirra stað, skuli talin gild sbr. sambandslög.

Tillögur kjörbréfanefndar ber formaður sambandsins upp munnlega.

- 1.5 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður um afgreiðslu kjörbréfa og verður kjörbréf eigi ónýtt.
- 1.6 Þingfulltrúar hafa full réttindi um afgreiðslu eigin kjörbréfa.
- 1.7 Þingfulltrúar geta samþykkt frestun á afgreiðslu einstakra kjörbréfa sé þörf nánari athugana á þeim.

Skulu hlutaðeigandi þingfulltrúar engan þátt taka í þingstörfum á meðan athugun fer fram og þar til afgreiðsla á kjörbréfum fer fram, sbr. grein 1.6.

- 1.8 *Tveimur vikum fyrir þing skal miðstjórn tilnefna 5 fulltrúa í kjörbréfanefnd sem þingið staðfestir í upphafi þingfundar.* Kjörbréfanefnd er skylt að starfa frá því hún er skipuð og þangað til ný nefnd er skipuð vegna næsta þings með tilliti til sambandslaga.
- 1.9 Kjörbréf sem þingið hefur ákveðið með atkvæðagreiðslu að taka ekki gild, verða eigi borin upp til atkvæða eða tekin til umræðu á sama þingi.
- 1.10 Þegar kjörbréf hafa verið afgreidd skal formaður sambandsins leggja fyrir inntökubeiðnir nýrra félaga.

## 2. Kosning forseta þingforseta, skrifara og verkvið þeirra.

- 2.1 Kjósa skal þingforseta, 1. varaforseta og 2. varaforseta.  
Fyrst skal kjósa þingforseta og gengst hann fyrir kosningu varaforseta og fjögurra skrifara.

Rétt kjörinn þingforseti er sá er hefur meira en helming greiddra atkvæða þeirra er á fundi eru.

Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju um þá tvo þingfulltrúa sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð. Hlutkesti ræður ef þeir tveir sem fengu flest atkvæði fá jafn mörg atkvæði við síðari kosningu.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta.

Kjósa skal 3 skrifara.

Við kosningu skrifara ræður atkvæðafjöldi.

2.2 Þingforseti stjórnar þingfundi og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Hann tekur við öllum erindum til þingsins, skýrir frá þeim og dreifir til þingfulltrúa.

2.3. Vilji þingforseti taka þátt í umræðum frekar en þingforsetastaða hans krefur þá viku hann forsetasæti, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

Þingforseti hefur sama rétt og aðrir þingfulltrúar til að greiða atkvæði.

2.4. Í forföllum þingforseta gengur varaforseti að öllu leyti í hans stað.

2.5. Skrifarar halda gerðarbók undir umsjón þingforseta og geta í henni allra mála, er rædd eru á fundum og úrslit þeirra.

Skrifarar skrá atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar.

Sömuleiðis sjá þeir um, með þingforseta, að ályktanir séu skrásettar og ritar þingforsetinn og skrifari undir eitt eintak hverrar ályktunar sem frumheimild.

Störfum skipta skrifarar á milli sín eftir samkomulagi við þingforseta

2.6 Þingforseti skipar menn til að dreifa atkvæðaseðlum.

Þá skipar þingforseti teljara úr hópi þingfulltrúa svo sem honum þykir þurfa á hverjum tíma.

### 3. Nefndir.

3.1. Á þingum starfa nefndir, allar kjörnar, utan dagskrárnefndar sem skipuð er forsetum þingsins, formanni og varaformanni sambandsins.

Forfallist formenn sambandsins tilnefnir miðstjórn fulltrúa úr sínum hópi í dagskrárnefndina.

Dagskrárnefnd undirbýr þingfundi.

Lengd þingfunda markast af dagskrá hverju sinni.

Einfaldur meirihluti þingsins getur breytt ákvörðunum dagskrárnefndarinnar.

3.2. *Tveimur vikum fyrir þing skal miðstjórn tilnefna 5 fulltrúa í nefndarnefnd sem þingið staðfestir í upphafi þingfundar. Nefndanefnd semur tillögur um val fulltrúa í þingnefndir.*

*Ekki eru kjörgengir í nefndanefndina forsetar þingsins, formaður og varaformaður sambandsins og skrifarar þingsins.*

3.3. Á hverju aðalþingi skal kjósa eftirtaldar nefndir með eigi færri mönnum en hér greinir að undanteknum c lið:

a) Fjárhagsnefnd skipuð 5 mönnum

- b) Kjörnefnd skipuð 5 mönnum og hvorki fleiri né færri
- c) Allsherjarnefnd skipuð 5 mönnum
- d) Aðrar nefndir sbr. 3.7.

3.4. Tillögur nefndanefndar og kjörnefndar svipta ekki einstaka þingfulltrúa tillögurétti um menn í nefndir eða stjórn.

Kosning nefnda er bundin við tilnefningu og fer fram skriflega, en séu ekki fleiri tilnefndir en kjósa skal, þá eru nefndarmenn sjálfkjörnir.

3.5. Sá sem flest atkvæði fær í nefnd eða er fyrst tilnefndur í uppstillingu, ef nefnd er sjálfkjörin, kveður nefndina saman til fyrsta fundar og stjórnar þar kosningu formanns.

Formaður lætur kjósa ritara.

Nefndin kýs sér framsögumann.

3.6. Verksvið nefnda er:

- a) Fjárhagsnefnd skal starfa í anda sambandslaganna
- b) Kjörnefnd skal leggja fram tillögur um uppstillingu samkvæmt sambandslögum.
- c) Til allsherjarnefndar skal vísa málum sem ekki falla undir verksvið annarra nefnda

Allar nefndir skulu starfa í anda laga Samiðnar eftir því sem við á.

3.7. Þingið stofnar aðrar nefndir gefist tilefni að mati þess.

Nefndir má skipa á hvaða stigi máls sem er. Sé það gert áður en umræðum er lokið, skal umræðum frestað.

Sömu reglur gilda um starfshætti hjá slíkum nefndum og um aðrar þingnefndir.

3.8. Nefndir skila álitinu sínu til þingsins og skal því dreift skriflega til þingfulltrúa.

Sé eigi eining um niðurstöðu nefndar geta þeir sem að sérálitinu standa skipað sér framsögumann og hefur hann sama rétt og framsögumaður meirihluta við umræður á þingfundum.

#### 4. Umræður.

4.1. Hver þingfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar þingforseta.

Þingforseti tilkynnir í upphafi þings hvernig þingfulltrúar skulu bera sig að óski þeir að taka til máls.

Ef tveir eða fleiri þingfulltrúar kveða sér hljóðs samtímis ákveður þingforseti í hvaða röð þeir tala.

Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til þingforseta og þingheims.

4.2. Að jafnaði skulu þingfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir beiðast þess.

Þingforseti getur vikið frá þeirri reglu ef um er að ræða formann sambandsins, framsögumann, svo og að þingfulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snertir hann sjálfan.

4.3. Þingfulltrúi skal ávallt mæla úr ræðustól *nema þingforseti heimili annað*

- 4.4. Formaður sambandsins má taka til máls eins oft í umræðum um skýrslu formanns og hann óskar. Framsögumaður meiri- eða minnihluta nefndar má taka til máls þrisvar sinnum, um málefni er hann flytur, að hámarki 10 mínútur í fyrsta skipti og 5 mínútur í senn í tvö síðari skiptin.

Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar við sömu umræðu um sama mál og að hámarki 10 mínútur í fyrra skiptið og 5 mínútur í það síðara.

Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, þingstjórn eða þingsköp.

- 4.5. Ef þingforseti telur umræðu dragast úr hófi fram getur hann lagt til að umræðutími framsögumanns meiri- eða minnihluta nefndar sbr. grein 4.4., verði eigi lengri en 5 mínútur.

Þá getur þingforseti hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma.

Þingheimur afgreiðir tillögur þingforseta í þessu efni umræðulaust.

Þingfulltrúar, ekki færri en 10, geta borið fram slíkar tillögur og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

- 4.6. Eigi má, nema með leyfi þingforseta, lesa upp prentað mál.
- 4.7. Skyld er þingfulltrúa að lúta valdi þingforseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Láti þingfulltrúi sem vikið hefur frá góðri reglu eigi segjast skal þingforseti víta hann og nefna til ástæður.

Ef þingfulltrúi er víttur tvisvar á sama þingfundi getur þingforseti lagt til við þingheim að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir lifir af þingfundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

## 5. Tillögur og atkvæðagreiðsla.

- 5.1. Þingfulltrúar geta borið fram tillögur um hvert það mál sem þeir óska, eftir að það hefur verið tekið til umræðu og afgreiðslu á þingi sambandsins sbr. þó sambandslög um lagabreytingar.
- 5.2. Allar tillögur skulu vera skriflegar og undirritaðar af flutningsmönnum. Enga tillögu er hægt að taka til umræðu fyrr en þingforseti hefur lýst henni. Forseti úrskurðar í hvaða nefnd tillaga skuli rædd.
- 5.3. Séu fleiri en einn flutningsmaður að tillögu getur hver þeirra dregið sig til baka af tillögunni í heyranda hljóði.
- Fari svo að flutningsmaður/flutningsmenn dragi tillögu í heild sinni til baka, getur hver sem er úr hópi annarra þingfulltrúa gert slíka tillögu að sinni í heyranda hljóði á sama þingfundi og undirritað hana síðan til staðfestingar.
- 5.4. Ákvæði greinar 5.3. gilda ekki um tillögur þær sem þruga tilskilinn fjölda flutningsmanna.
- 5.5. Allar tillögur um mál þingsins sem koma fram við fyrri umræðu skal eftir þá umræðu taka til umfjöllunar í nefnd þeirri sem þingforseti hefur vísað þeim til.

Við síðari umræðu skal þingforseti bera tillögur upp í þeirri röð sem hann ákveður.

Séu fleiri en ein tillaga í sama máli skal þó fyrst bera upp þá tillögu sem lengst gengur.

- 5.6. Engar tillögur um þingmál er hægt að bera upp til atkvæða nema þeim hafi verið dreift skriflega til þingfulltrúa.
- 5.7. *Breytingartillögu skal bera upp á undan aðaltillögu. Breytingartillögu við breytingartillögu, skal ekki taka til greina en því álitinu skal þingforseti lýsa fyrir þingheimi.*

*Þingforseta ber að vísa frá breytingartillögu sem hefur endaskipti á efni og stefnu aðaltillögunnar eða gerir hana lokleysu. (vitleysa, endaleysa eða sérlega heimskulegt)*

*Flutningsmaður slíka tillögu verður að bera hana fram sem sjálfstæða aðaltillögu enda samræmist það lögum Samiðnar (á ekki við um lagabreytingar samanber 8 kafla, 41. gr. laga Samiðnar) eða taka hana aftur ella*

- 5.8. Drög að ályktun sem þingnefnd sendir frá sér til síðari umræðu telst ekki breytingartillaga heldur aðaltillaga.

Óski þingfulltrúar að taka ákvæði í drögum að ályktunum frá fyrri umræðu upp við síðari umræðu um málið verða þeir að gera það með tillögum í eigin nafni.

- 5.9. Þingforseta er heimilt að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa.
- 5.10. Tillögu, sem hefur verið felld, má ekki bera upp á sama þingfundi.

Með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða þingfulltrúa má þó taka málið upp á ný síðar á þinginu enda séu 3/4 hlutar þingfulltrúa, þeirra sem eigi hafa boðað forföll til þingforseta, viðstaddir á þingfundi þegar slík tillaga er til afgreiðslu.

- 5.11. Ákvæði greinar 5.10. eiga ekki við um afgreiðslu kjörbréfa.

- 5.12. Efnislegar tillögur eru þessar:

- 1) Aðaltillaga
- 2) Breytingartillaga
- 3) Viðaukatillaga

- 5.13. Við atkvæðagreiðslu skal fyrst bera upp breytingartillögu við aðaltillögu. Síðan skal bera upp aðaltillögu með áorðnum breytingum hafi breytingartillögur verið samþykktar.

Að öðrum kosti er aðaltillaga borin upp í upphaflegri mynd.

Þá skal bera upp viðaukatillögur.

Að lokum skal bera upp aðaltillöguna eins og hún er endanlega orðin hafi viðaukatillögur verið samþykktar.

- 5.14. Forgangstillögur eru og í þessari röð:

- 1) Tillaga um að ganga þegar til atkvæða sbr. þó grein 4.5.
- 2) Tillaga um að vísa máli frá
- 3) Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá
- 4) Tillaga um að fresta máli
- 5) Tillaga um að vísa máli til annars valds

Tillögur undir 1. tl. má ekki ræða.

Um tillögur undir 2., 3. og 4. tl. má gera stuttar athugasemdir.

Um tillögur undir 5. tl. má gera stuttar athugasemdir en um málið sjálft gilda sömu reglur og um önnur efnisleg mál sem koma fyrir þingið.

- 5.15. Atkvæðagreiðsla um tillögur fer fram með handauppréttingu.

Leynileg atkvæðagreiðsla fer fram ef þess er óskað skriflega af minnst 10 þingfulltrúum.

Atkvæðagreiðslur við nafnakall leyfast ekki.

- 5.16. Engar atkvæðagreiðslur geta farið fram um tillögur nema á þingfundi sé staddur minnst helmingur þingfulltrúa sem ekki hafa boðað forföll sín til þingforseta sbr. þó grein 5.10.

Fari svo, þegar atkvæðagreiðsla skal fara fram á þingfundi um tillögur, að ekki sé viðstaddur tilskilinn fjöldi þingfulltrúa samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, þá skal atkvæðagreiðslan fara fram á næsta þingfundi sé hann löglegur skv. sambandslögum.

- 5.17. Þingforseti skipar teljara úr hópi þingfulltrúa, til talningar atkvæða, svo marga sem þykir henta. Starfsmenn þinghaldsins skulu dreifa atkvæðaseðlum og aðstoða teljara við talningu.

Jafnan skulu teljarar m.a. vera skipaðir úr hópum andstæðra fylkinga á þingfundum.

- 5.18. Breyting á lögum telst ekki samþykkt nema hún hljóti 2/3 greiddra atkvæða á þingfundi.

## 6. Kosningar.

- 6.1. Kosningar í trúnaðarstöður skulu vera leynilegar á sambandsþingi.

- 6.2. Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti *atkvæða*.

Komi eigi fram uppástungur um fleiri en kjósa skal skulu þeir sjálfkjörnir.

*Eftveir fá jafnmörg atkvæði skal kasta hlutkesti en séu fleiri en tveir jafnir skal kjósa á milli þeirra,*

- 6.3. Atkvæðaseðill er ógildur, ef á honum eru nöfn manna, sem ekki eru í kjöri, eða ef ekki eru greidd atkvæði jafnmörgum mönnum og kjósa á. Auðir og ógildir *seðlar* telast ekki til greiddra atkvæða.

- 6.4. Áður en kosningar hefjast eða allsherjaratkvæðagreiðslur, skal þingforseti tilkynna að nú muni kosningar hefjast. *Sé gerð breyting á dagskrá þingsins er varðar kosningar til trúnaðarstarfa skal forseti í samráði við dagskránefnd tilkynna slíka breytingu með minnst 30 mínútu fyrirvara*

Síðan eftir hæfilegan umþóttunartíma svo þingfulltrúar geti gengið til sæta sinna, tilkynnir þingforseti að dreifing atkvæðaseðla hefjist og um leið ber dyravörðum að sjá til þess að atkvæðaseðlum hafi öllum verið safnað saman og athugasemdir ekki komið fram um það.

- 6.5. Um leið og talningu atkvæðaseðla við hverja atkvæðagreiðslu er lokið og niðurstaða talningar færð á skýrslu til þingforseta sem allir talningamenn hafa staðfest sem rétta, skulu atkvæðaseðlar geymast þar til þingforseti hefur tilkynnt þingfulltrúum úrslit.

Komi ekki fram skrifleg krafa minnst 10 þingfulltrúa um endurtalningu atkvæða þegar eftir tilkynningu þingforseta, verður krafa um endurtalningu ekki tekin til greina.

Fyrir lok þings skulu atkvæðaseðlar eyðilagðir undir umsjón þingforseta.



- 6.6. Kjörgengir í trúnaðarstöður Samiðnar eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum Samiðnar.

Sé á þingi stungið upp á mönnum í trúnaðarstöður sem eigi sitja það en eru engu að síður kjörgengir, verða slíkar tilnefningar eigi teknar til greina nema fyrir liggi staðfest yfirlýsing þess sem tilnefndur er um að hann taki kjöri.

## **7. Afgreiðsla og breyting þingskapa.**

- 7.1. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður um afgreiðslu þingskapa.
- 7.2. Komi fram tillögur um þingstjórn eða meðferð þingmála og þessi þingsköp ná ekki til, þá ræður einfaldur meirihluti um afgreiðslu þeirra mála enda sé þingfundur löglegur.